


Foreldrar Halldórs, Sigríður Halldórsdóttir og Guðjón Helgi Helgason, kynntust í vinnumennsku á bænum Melkoti sem stóð þar sem nú er lóð Ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu. Halldór fæddist í Reykjavík árið 1902 en þremur árum síðar festu foreldrar hans kaup á jörðinni Laxnesi þar sem hann ólst upp til þrettán ára aldurs.

Að vera kjur eða fara burt?


Sýning í tilefni aldarafmælis fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, *Barns náttúrunnar*

Guðjón, faðir Halldórs, lék bæði á fiðlu og orgel. Hann lagði sig fram um að æfa með tónelskandi mönnum sem unnu strembin störf frá morgni til kvölds. Barnið Halldór skreið undir stóla þeirra og hljómurinn átti eftir að fylgja honum ævilangt. Í stofunni voru haldnir tónleikar, á björtum hásumarnóttum sungu allir við opna glugga. Gjarnan voru sungin lög eftir útlensk tónskáld, margrödduð við undirleik hljóðfæra. Stundum komu fínar stúlkur frá Reykjavík til að iðka tónlist. Halldór læddist í herbergið þeirra til að skoða forláta gítar sem honum þótti fullkomnasta hljóðfæri í heimi. Sjálfur eignaðist hann litla barnafiðlu sem pabbi hans gaf honum. Guðjón kenndi syni sínum líka á orgel. Litlu systur hans lærðu líka á hljóðfæri og þegar Sigga var lítil var henni falið að leika fyrir danska kónginn í Mosfellskirkju sem gaf henni gullpening að launum. Helga fór síðar til Leipzig að læra að verða einleikari á píanó en hún varð pianókennari. Og svo var það fræga móðuramman Guðný Klængsdóttir sem fór með fornar vísur sem voru óskiljanlegar en héngu saman á ryþmanum. Hvert orð gat ljáð vísu eins mikinn hljóm og fiðlan sinfóníu og barnið hafði alla tíð hlustað á tónlist sem færði honum tilfnningu fyrir hljómi og hrynjanda. Guðjón og Sigríður voru alþýðufólk með býli og hann starfaði við vegagerð. Að þau skuli hafa búið syni sínum þetta heimili þrungið tónlist og skilningi á sérkennum sonar síns, á þessum tíma og þessum stað, er lykillinn að því að hann gat orðið akkúrat sá sem hann varð. Og út af fyrir sig ráðgáta því það var svo langt í frá sjálfsagt. Hann var í einhverjum skilningi barn náttúrunnar því í þessu umhverfi gat hann ræktað náttúruna í sjálfum sér.

Auður Jónsdóttir.



Laugavegur um aldamótin. Séð upp eftir neðsta hluta götunnar. Halldór Laxness fæddist á Laugavegi 32 árið 1902.




Það tilkynnist hérmeð, fyrir hönd móður minnar og systra, að faðir minn, Guðjón Helgason í Laxnesi, lézt þ. 19. þ. m.

Jarðarförin er ákveðin föstudaginn 27. júní, og hefst með húskveðju kl. 11 árdegis

Reykjavík 21. júní 1919.

Halldór Guðjónsson, frá Laxnesi.

Morgunblaðið, 23. júní 1919.



Barn menningarinnar

„Ég er annar“, eru frægustu ummæli franska ljóðskáldsins Arthur Rimbaud. Hann lét þau falla í bréfi tæpri hálfri öld áður en *Barn náttúrunnar* kom út. Hann var sextán ára, rétt eins og Halldór Guðjónsson frá Laxnesi þegar hann samdi sína fyrstu útgefnu skáldsögu. Rimbaud var undrabarn í ljóðlist, skrifaði ótrúlega merkileg og langlíf verk kornungur, en hætti að yrkja tuttuguogeins árs gamall og sneri sér að heimshornaflakki og kaupmennsku. Halldór fór með sínum hætti öfuga leið, þótt báðir hafi skrifað einsog andsetnir allt frá unga aldri, og hann væri varla nema neðanmálsgrein í íslenskri bókmenntasögu, hefði hann hætt að skrifa á sama aldri og Rimbaud. Bernskuverk hans voru einmitt það, verk barns. En hann ætlaði sér að vera rithöfundur, ekki barn, og þóttist því vera fullorðinn. Meira að segja undirtitillinn á *Barni náttúrunnar, ástarsaga*, er uppgerð: „Það verður með aungu móti ráðið af bókinni að höfundurinn hafi verið kynþroska þegar hann samdi hana“, sagði Halldór síðar. En hann sviðsetti sig sem höfund frá unga aldri. Um það leyti sem *Barn náttúrunnar* kom út var Halldór kominn til Kaupmannahafnar og gekk fyrir ritstjóra helsta dagblaðsins sautján ára stráklingur, dulbúinn sem höfundur, með hatt og prik og gleraugu, í frakka og sjakkett með hálstau og silkikraga, og seldi blaðinu smásögu; sem hann kallaði reyndar líka *Barn náttúrunnar*, þegar hann þýddi hana sjálfur á íslensku. En Halldór var ekki náttúrubarn, hann var barn ritlistarinnar og draumsins um að verða skáld og yrkja fyrir heiminn, einsog Byron, sem hann teiknaði kornungur. Sá draumur rættist. „Dáið er allt án drauma og dapur heimurinn“, segir í *Barni náttúrunnar.*

Halldór Guðmundsson.

Ný bók.

Halldór frá Laxnesi: **Barn náttúrunnar. Ástarsaga. Bókaverzl. Arinbj. Sveinbjarnarsonar. Rvík 1919.**

Þeir sem þekkja Halldór frá Laxnesi, munu opna bók þessa með nokkurri forvitni, því höf. er kornungur. Og flestir munu vantrúaðir á, að slíkt barn hafi nokkuð nýtt á borð að bera fyrir heiminn. En þeim sem þannig hugsa, vil eg ráða til að lesa bókina, því að hún er vafalaust inngangur að mörgum, og vonandi miklu betri sögum frá Halldóri. Og það er jafnan fróðlegt, að fylgjast með þroska rithöfundanna frá byrjun.

Alþýðublaðið, 6. nóvember 1919.

„Barn náttúrunnar“,

Halldór frá Laxnesi: Barn náttúrunnar. Ástarsaga. — Bókaverzlun Arinbj. Sveinbjarnarsonar. Rvík. 1919.


Þetta er saga náttúrubarns, eftir barnungan mann. Sagan er líka næsta barnaleg.

Bókin er öll í molum. Og sumir molarnir langt frá því að vera þess verðir, að vera liður í sögu. Þroskaleysið og barnið skín alstaðar úr hverri hugsun og hverri setningu. Kröfur listamannsins til verks síns blunda enn. Og skáldeðlið sýnist vera takmarkað.

Og þó — þrátt fyrir þetta alt, kann einhverntíma að verða meira listagildi í því sem þessi ungi maður skrifar. Enginn veit, hve sú röðd kann að verða máttug og fögur, sem fyrst lætur heyra til sín. En til þess þarf hann að ganga í gegnum margar eldraunir. Því „gegnum margar þrautir ber oss inn að ganga í guðsríki“ listarinnar.

J. B.

Morgunblaðið, 10. nóvember 1919.



Óbarn ónáttúrunnar

— Hugleiðing um Halldór frá Laxnesi og kvikmyndaspursmálið



Nýja Bíó

Æfintýr miljónamæringsins

Afarskemtil. ástarsjónleikur í 4 þáttum, tekinn af hinu heimsfræga Triangle-félagi, og leikur aðalhlutverkið

Charles Ray.

Morgunblaðið, 23. apríl 1919.

NÝJA BÍÓ

Indíánastúlkan

stórkostlega tilkomumikill sjónleikur í 7 þáttum eftir hinni heimsfrægu skáldsögu (samnefndri) eftir

Rex Beach.

Mittchelt Lewis leikur eitt aðalhlutverkið af frábærri snild.

Ein sýning í kvöld er byrjar kl. 8½.

Vísir, 27. nóvember 1919.

GAMLA BÍÓ

Homunculus

II. kafli

verður sýndur kl. 8½ og 9½ í síðasta sinn.

Allir sem séð hafa 1. kafla af Homunculus ættu ekki að láta hjá líða að fylgja myndinni, því hún verður betri og betri eftir því sem lengra kemur.

III. kafli

byrjar á föstudag kl. 8.

Vísir, 27. nóvember 1919.

GAMLA BÍÓ

sýnir aftur í kvöld (á 18. sinn), myndin sem allir hafa þráð að fá að sjá, hið ágæta leikrit Jóhanns Sigurjónssonar

Fjalla Eyvind

í kvikmynd. Myndin er í 7 þáttum (2½ tíma sýning). Allir sem séð hafa myndina dást að hve fullkomin hún er að öllum útbúnaði og framúrskarandi vel leikin.

Fjalla Eyvindur er mynd sem er afarsjaldséður gripur orlendis, og varla nokkur möguleiki á að sá að leigu, en þrátt fyrir það hefir Gamla Bíó hepnast að ná í myndina áður en hún er farin að slitna eða styttast, er okkur sönn ánægja að geta sagt það, því Fjalla Eyvindur er sú mynd, sem allir, sem með nokkru móti geta við komið, ættu að sjá.

Morgunblaðið, 3. maí 1919.

Ljósmynd: Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni/Magnús Ólafsson.

Ef maður byrjar á því að ímynda sér að 7. október 1919 sé útgáfudagur *Barns náttúrunnar* — einfaldlega af því að þann dag birtist nafn bókarinnar fyrst á prenti í lítilli auglýsingu frá Bókaverzlun Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar á blaðsíðu átta í *Morgunblaðinu* — þá gæti verið gaman í framhaldinu að reyna að sjá fyrir sér hvernig hið sautján ára skáld, Halldór frá Laxnesi, hefði brugðist við ef kaffihúsagestur á næsta borði á Fjallkonunni hefði spurt af dálítilli óþolinmæði (vegna þess skáldið væri búið að lesa blaðsíðu átta áttatíu sinnum):

— Dóri, hvað er í bíó?

Og nú erum við stödd þar sem ungskáldið með lonníetturnar og ljósu lokkana horfir í áttugastaogfyrsta sinn á nafn sitt í blaðinu, mitt á milli Huldu og Sigurðar Heiðdals, áður en það lokar því og gáir á forsíðuna. Þar birta kvikmyndahúsin dagskrá sína. Í GAMLA BÍÓ eru tveir bandarískir gamanleikir, *Tvær náttuglur* og *Búðarstúlkan og blaðamaðurinn*. Í NÝJA BÍÓ er *Ástarveðmál*, danskur sjónleikur í þremur þáttum frá Nordisk Film.

Í þeirri fyrsttöldu leikur Ben Turpin sem er allra trúða flinkastur í að gera sig rangeygan en í þeirri dönsku má sjá Gunnar Sommerfeldt, leikara við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. En það sem flækir málin — ef maður hafði kannski hugsað sér að fara í bíó til þess að halda upp á að bókin manns er auglýst í *Morgunblaðinu* — er það að Sommerfeldt er ekki bara staddur á Íslandi í svart/hvítu formi sínu á sýningartjaldi kvikmyndahússins. Stór auglýsing á forsíðunni miðri tilkynnir að hinn konunglegi leikari verði heill og sjálfur á sviðinu í Iðnó í kvöld að lesa upp úr verkum stórskálda Norðurlanda.

Það er ljóst að í samkomuhúsinu verður rjóminn af menningarpostulum Reykjavíkur og fari maður þangað gefst jafnvel möguleiki á að hitta stjörnuna, kynna sig og gefa henni áritað eintak af *Barni náttúrunnar*. Fari maður hins vegar í bíó með jafnöldrunum lætur maður undan náttúru barnsins.

Halldór frá Laxnesi brýtur saman blaðið og andvarpar:

— Það vildi ég að ég væri óbarn ónáttúrunnar.

Þá fær hann hugmynd. Hann getur sleppt seinni myndinni í Gamla bíói og mætt eftir hlé í Iðnó. Þannig nær hann þeim báðum, hinum háborgaralega Sommerfeldt í ljósrauðu holdinu og hinum skjálga Turpin á sannleikstjaldi blekkinganna.

Sjón.



Ljósmynd: Ball í Bárubúð.
Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni/Pétur Brynjólfsson.



Leikfélag Reykjavíkur.

Nei

og

Hrekkjabrögð Scapins

verða leikin annan í páskum kl. 8 síðd. í Iðnó.

Aðgöngumiðar seldir í Iðnó í dag frá kl. 4—7, með hækkuðu verði og á annan í páskum frá kl. 10—12 og 2—4.

Hljómleika

heldur frú **Dóra Sigurðsson** í Bárubúð, annan páskadag kl. 6 síðd. **Haraldur Sigurðsson** aðstoðar.

Aðgöngumiðar á 3 krónur (sæti) og 2 krónur (standandi), fást í bókaverzlunum Sigf. Eymundssonar og Ísafoldar eftir kl. 12 í dag.

Merkur

Bókasafnið verður opið á morgun kl. 1½—2½ í Iðnó

Morgunblaðið, 23. apríl 1919.

Tónlistarlíf höfuðstaðarins var ólíkt fábrotnara fyrir 100 árum en það er í dag. Kraftarnir voru fáir og tónleikahald stopult, nema helst á betri kaffihúsum bæjarins sem státuðu af lifandi tónlist hvern dag. Café Fjallkonan, Laugavegi 20b, bauð til dæmis upp á fjögurra manna „orkester“ sem spilaði reglulega, og þar mátti líka heyra „hið heimsfræga Estey sjálfspilandi píanó“, eins og sagði í auglýsingu.

Í Hljóðfærahúsi Reykjavíkur í Aðalstræti og Nótnaverslun Theodórs Árnasonar í Austurstræti mátti kaupa nótur að helstu verkum meistaranna. Kórar héldu tónleika annað veifið, til dæmis Karlakór K.F.U.M. sem söng nokkrum sinnum fyrir fullu húsi í janúar, en einnig Söngfélagið Erlur (sem var kvennakór) í mars.

Tónleikar fóru flestir fram í Bárunni, samkomuhúsi við Vonarstræti þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú. Sumarið 1919 ríkti þar gósentíð um nokkurra vikna skeið þegar íslenskir tónlistarmenn sem störfuðu erlendis sneru aftur heim til tónleikahalds. Hetjutenórinn Pétur Jónsson, sem var fastráðinn við óperuhús í Þýskalandi, efndi til tónleika í Bárubúð „og hefir aldrei þekkst hér annað eins kapp í mönnum eftir aðgöngumiðum á nokkra skemtun“, sagði í einu bæjarblaðanna. Haraldur Sigurðsson pínóleikari, sem hafði starfað í Þýskalandi en var nýráðinn kennari við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn, hélt tónleika ásamt Dóru konu sinni, og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, höfundur þjóðsöngsins, kom til Íslands í fyrsta sinn síðan 1907 og hélt tónleika með eigin verkum við góðar undirtektir.

Þessir þrír tónlistarmenn áttu alla starfsævi sína erlendis enda hafði Ísland ekkert að bjóða þeim. Slík tækifæri biðu nýrrar kynslóðar.

Árni Heimir Ingólfsson.

Á kostnað höfundarins


— Forlög í aldarbyrjun

Á fyrstu áratugum 20. aldar voru útgefendur í Reykjavík sárafáir og með lítið svigrúm til að kosta skáldverk höfunda. Því er lítið um skáldsögur meðal útgefinna verka þessa tíma, en helst má þar finna trúarrit, fornsögur, ljóðmæli, þýðingar og rit tengd uppfræðslu og kennslu. Útgefendur á þessum árum voru að mestum hluta lærðir prentarar og bókbindarar og þeir þekktustu voru Sigfús Eymundsson [1837- 1911], Kristján Ó. Þorgrímsson [1857- 1915] og Sigurður Kristjánsson [1854- 1952] sem allir ráku þekktar bóka og ritfangaverslanir.

Þannig var staðan árið 1919 þegar ungur óþekktur höfundur sem kallaði sig Halldór frá Laxnesi gekk milli útgefanda með bókina, *Barn náttúrunnar — Ástarsaga.* Á þessum tíma rak Ársæll Árnason [1886- 1961] bókbindari bóka- og pappírsverslun sína að Laugavegi 4 en Ársæll naut virðingar sem listfengur bókbindari og boðberi nýrra tíma í frágangi á bókum hér á landi. Hann hafði frá árinu 1915 rekið ört vaxandi forlag með vönduðum ritverkum samhliða verslunarrekstrinum. Fyrir ungan höfund sem vildi koma fyrsta verki sínu á prent var Ársæll án efa eftirsóknarverðasti kosturinn. Í bréfi til móður sinnar í maí 1919 segi Halldór : „Bókin mín er nú hjá Ársæli Árnasyni til yfirlestrar. Flestir forleggjarar eru búnir að fylla forlög sín þetta ár, Ársæll reynir hvað hann getur ef honum fellur bókin í geð. Ef hann getur ekki tekið hana er sjálfsagt að ég gefi hana út sjálfur."

Af ókunnum sökum kom bókin ekki út hjá forlagi Ársæls heldur, líkt og með svo margar fyrstu bækur höfunda, var hún prentuð í Félagsprentsmiðjunni á kostnað höfundarins sjálfs, með fjárhagslegri aðstoð frá fjölskyldu hans. Arinbjörn Sveinbjarnarson [1866- 1932] bókbindari dreifði bókinni undir nafni bókaverslunar sinnar í Reykjavík.

Unnar Örn.



Ljósmynd: Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni/Magnús Ólafsson.




Þessar bækur eru í prentun:

Bók náttúrunnar, eftir Topelius, I. (3. útg.) II. (1. útg.). **Flatarmálsfræði,** eftir dr. Ólaf Daníelsson, með 100 myndum. **Landafræði,** eftir Karl Finnbogason, 2. útg. **Æfintýri á gönguför,** eftir Hostrup. **Bjargið,** leikrit, eftir Sigurð Heiðdal. **Trú og töfrar,** eftir Edv. Westermark. **Heimspekisrit** eftir dr. Helga Pjeturss. **Breiðfirðingar,** eftir Jónas Guðlaugsson.

Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar.

Skólablaðið, 11. árgangur 1919.



Bókaverzlun Ársæls Árnasonar,

Laugaveg 4. Reykjavik. Sími 556.


Skrá yfir nýjustu bækurnar,

okt. — nóv. 1919.

Hina heiðruðu viðskiftamenn mína bið eg að athuga, að verð á nýrri bókum er nú breytt frá fyrri bóksalaverði mínum, sérstaklega bundnum bókum. Því má einnig gera ráð fyrir, að verð á eftirtöldum bókum sé ekki bindandi.

Sökum hins gífurlega rekstrarkostnaðar, sem alt af er að aukast, get eg hér eftir ekki gefið þær tryggingar í burðargjaldi, er eg hefi áður gefið. Sendi bækur út um land sélst einungis með póstkröfu.

Eimreiðin, 1. apríl 1919.



Nýkomið í bókaverslun *Sigurðar Sigurðssonar.*

Jón Aðils: Einokunarverslun Dana á Íslandi.

Guðm. Friðjónsson. Úr öllum áttum.

Einar H. Kvaran: Sögur Rannveigar.

Halldór frá Laxnesi: Barn náttúrunnar.

Hulda: Æsku ástir, I. h.

Jón Torfason: Kvæði.

Jón Þorláksson: Dánarminning. Æfisaga, ljóðmæli o. fl.

Magnús Helgason: Uppeldismál.

Jakob Thorarensen: Sprettir(Ljóðmæli).

Sig. Þórðarson: Veðurfræði,

Joh. Bojer: Ástagangan.

Joh. Skjoldborg: Ný kynslóð.

F. Warden: Úrsúla (ástarsaga).

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson: Þættir (Kvæði).

Helgi Helgason: Íslensk sönglög.

Íslensk ástarljóð.

Jólagjöfin, 4. h.

Fólkar (smásögur).

Kátir piltar (barnasögur).

Hans og Gréta (barnasögur).

Þjóðaratkvæðagreiðslan 19 okt. 1918

Verslunarskýrslur 1916.


Fossanefndaráliti.

Skólasöngbókin, I. h.

Hlín, III. ár.

Iðunn.

Íslendingur, 19. desember 1919.



Besta Jólagjöfin er góð bók.

I bókaverslun Kr. Guðmundssonar fæst úrval af góðum bókum svo sem:

Biblía 2.50—15.00 kr. Sálmabækur, Testamenti, Passíusálmar.

LJÓÐMÆLI: Bjarna, Jónasar, Jóns Thoroddsens, Jóns Þorlákssonar, Kr. Jónssonar, Matth, Joch., Páls Ól., Steingr Th. Einars Ben., Guðm. Guðm., Jóh. G. Sig., Huldu, Þorst. Erl., Ísl. ástaljóð,o. fl.

Jón Aðils: Einokunarverlunin. Páll E. Ól.: Menn og mentir.

Sögur eftir Einar H. Kvaran, Guðmund Friðjónsson o. fl.

Barnabækur, Myndabækur, Poesibækur. Skrifmöppur (læstar).

Kortaalbum, Myndaalbúm. Ennfremur **Gullpenna** (sjálfblek.) **Jólakort** o. m. fl.

Nýjar kvöldvökur, 1. september 1919.

Myndlist á Íslandi 1919



Ljósmynd: Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni/Magnús Ólafsson.

Árið 1919 var haldin yfirlitssýning í Reykjavík á verkum 15 myndlistarmanna og segir það margt um gróskuna í myndlistinni á fyrsta og öðrum áratug síðustu aldar. Verkin sem voru 90 talsins, teikningar, málverk og höggmyndir, voru sýnd í Barnaskóla Reykjavíkur en það var Listvinafélag Íslands, stofnað 1916, sem átti heiðurinn að því merka framtaki sem sýningin var.

Aldamótaárið 1900 var hið eiginlega fæðingarár íslenskrar myndlistar en þá var fyrsta opinbera myndlistarsýningin á landinu sett upp. Þórarinn B. Þorláksson sneri heim eftir listnám í Kaupmannahöfn og sýndi verk sín í Glasgowhúsinu sem þá stóð við Vesturgötu 5a.

Einar Jónsson myndhöggvari sýndi höggmyndina „Útlaginn“ á Vorsýningunni í Kaupmannahöfn árið 1901 og litlu síðar áttu nokkrar höggmyndir hans eftir að prýða íslenska höfuðstaðinn. Bæði hann og Ásgrímur Jónsson, sem hélt sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík 1903, námu list sína við Konunglega Listaháskólann í Kaupmannahöfn.


Þessir brautryðjendur íslenskrar myndlistar opnuðu augu Íslendinga fyrir fegurð landsins og náttúran í allri sinni dýrð varð ímynd þjóðarinnar þegar hún barðist fyrir sjálfstæði sínu.

Þórarinn, Einar og Ásgrímur áttu allir verk á yfirlitssýningunni 1919, en auk þeirra sýndu listamenn sem komu fram á öðrum áratugnum eins og Jóhannes Kjarval, Guðmundur Thorsteinsson, Jón Þorleifsson, Ólafur Túbals og síðast en ekki síst, fyrstu íslensku konurnar sem gerðu myndlist að ævistarfi sínu, þær Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttir og Nína Sæmundsson.

Jón Stefánsson, sem einnig telst til frumherja í íslenskri myndlist, bjó þá og starfaði í Danmörku. Hann hafði þó oft málað á Íslandi og verk hans voru löndum hans kunn.

Sýning Listvinafélagsins var fjölsótt, myndir seldust og sagt er að menn hafi komið í hópum. Samfélagið hefur á þessum tíma ekki einungis lært að njóta myndlistarinnar heldur einnig áttað sig á mikilvægi hennar fyrir orðstír þjóðarinnar.

Kristín Marja Baldursdóttir.



Ávarp
til íslenzkra listamanna.

Listvinafélag Íslands hefir ákveðið, að efla til íslenzkrar listasýningar í byrjun septembermánaðar næstkomandi. Verður hún fyrsta almenna listasýning á Íslandi og á að ná yfir hvers konar drættist, skrautlist, málverk, líkanasmíði og byggingarlist. Er þess vænst, að íslenzkir listamenn styðji þessa sýningu, sem ætlast er til að verði fyrirrennari almennrar íslenzkrar listasýningar, er haldin sé árlega í Reykavik.

Á þessari fyrstu sýningu mun verða reynt að veita yfirlit yfir þróun hinnar ungu, íslenzku listar, og er þess óskað, að íslenzkir listamenn sendi beztu verk sín á sýninguna. Sérstök dómnefnd verður skipuð til að úrskurða, hver þeirra skuli tekin á sýninguna.

Allar myndir skulu sendar í umgjörð, eða séu í umgjörð fylgis. Sendingar- og tryggingarkostnað greiði eigandi, og skal hann ákveða verð þeirra listverka, er hann óskar að seld verði; ekkert sölugjald verður lagt á það, sem selst. Sendingar skulu komnar fyrir 20. ágúst þ. á. til þjóðmenjavarðar Matthíasar Þórðarsonar.


Vonum vér að sýningin fái það fylgi, að hún megi verða þjóð vorri til sóma, en íslenzkum listamönnum til fræðar og gengis.

Í sýningarnefnd Listvinafélags Íslands.

Reykjavík, 18. febrúar 1919.

Alexander Jóhannesson. Guðm. Finnbogason.
Ríkarður Jónsson. Sigríður Björnsdóttir.
Þ. Krabbe.

Ísafold, 22. febrúar 1919.




Listvinafélag Íslands.

Fyrsta almenn íslensk listasýning

hefst í Barnaskólanum sunnudaginn 31. ágúst kl. 3 sd. Sýningin verður hvern dag frá kl. 10 árdegis til 7 síðdegis. Aðgangur 1 kr. Aðgöngumiðar fyrir allan sýningartímann kosta 3 kr.

Sýningarnefndin.

Vísir, 30. ágúst 1919.



Reykjavíkurannáll.

Listasýning. Listvinafélagið hefir efnt til almennrar sýningar á verkum íslenzkra listamanna og var hún opnuð kl. 3 í gær og verður opin í þrjár vikur. Er þetta fyrsta sýningin af þessu tagi, því allir listamenn eru þarna boðnir og velkomnir, sem finna náð fyrir augum dómnefndarinnar er velja skyldi úr það er hún áliti hæfilegt til að koma fyrir almenningssjónir. Í nefndinni eru Ásgrímur Jónsson, Þór. B. Þorláksson og Ríkarður Jónsson. Á sýningunni eru um 90 myndir og líkanasmíði eftir flesta íslenzka listamenn og konur. Flestar myndirnar eiga á sýningunni þeir Ásgrímur Jónsson, Þórarinn B. Þorláksson og Jóhannes Kjarval. Líkanasmíð eru á sýningunni eftir Ríkarð, Einar Jónsson og ungfrú Nínu Sæmundsson og ein teikning að húsi er þar eftir Finn Thorlacius byggingarmeistara. Sýningin er í Barnaskólanum og fyllir þar 6 kennslustofur.

Ísafold, 1. september 1919.



Ljósmynd: Vesturfarar.
Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.

Einar skálaglam: **Húsið við Norðurá.**

Johnson fór nú að gefa sig að Mrs. Maxwell og reyna að sefa grátinn hennar, sem og tókst von bráðar.

„Þeir hafa þá fundið af honum líkið. Hvernig skyldi þá á því standa, að þeir fundu ekki George minn?" stundi hún.

„Líkið af hverjum?" spurði Johnson.

„Líkið af Owen höfuðsmanni," sagði hún og leit forviða upp á Johnson. „Vissuð þér ekki, að þetta var hann? Hann féll sama dag og maðurinn minn sálugi."

En Johnson þagði. Hann var orðlaus, fast að því meðvitundarlaus.

Þetta var mynd af líki Owens höfuðsmanns, sem féll við Dinant 9. nóvember 1917, og af Maxwell þjóni, sem drukknaði í Norðurá um sumarið. Og þó var það ekki nema mynd af einum manni, — einu líki. Það olli Johnson engum áhyggjum, að maðurinn, sem fórst við Dinant, hét Owen, en maðurinn, sem fórst í Norðurá, hét Maxwell. Það þyrfti ekki að vera að marka, því að annað nafnið eða bæði gátu verið gervinöfn á sama manni. En hitt, að sami maður féll í orustu við Dinant 1917 og drukknaði síðan í Norðurá mörgum árum síðar, — það var, sem vonlegt var, ofar skilningsmegni hans. Hann hafði í lögreglustarfsemi sinni í Vesturheimi séð margt merkilegt, en tvídauðan mann hafði hann ekki rekist á.

Hann var sem lamaður, en svo rykti hann sér upp. Þetta gat ekki verið! Mrs. Maxwell hlaut að hafa missýnst. Það var rökfræðilega ómögulegt, að henni gæti hafa sýnst rétt.

„Eruð þér nú vissar um, að þetta sé Owen höfuðsmaður?" spurði Johnson.

Mrs. Maxwell virti enn myndina fyrir sér stundarkorn.

„Já, ég er ekki í minsta vafa," svaraði hún ákveðið.

Alþýðublaðið, 7. september 1926.

Þegar rennt er yfir skrár Landsbókasafns yfir bækur á íslensku gefnar út árið 1919 þá kemst maður að raun um það hvað íslenskir innflytjendur í Vesturheimi voru öflugir í bókaútgáfu. Í grein Helgu Kress um vesturfaraminnið í verkum Halldórs Laxness kemur fram hversu mikil áhrif bókmenntir íslenskra útflytjenda höfðu á hann. Meðal þeirra sem hún nefnir eru Einar Kvaran (1859-1938) og Torfhildur Hólm (1845-1918) en bæði höfðu mikil áhrif á Halldór. Einar og Torfhildur eiga það sameiginlegt að hafa flust vestur en snúið aftur heim til Íslands. Þessir gagnvegir milli Ameríku og Íslands höfðu margháttuð áhrif hér á landi og má þess m.a. sjá stað í umræðu um kvenréttindi, jafnaðarmennsku, bindindismenningu svo eitthvað sé nefnt. Persóna Randvers í *Barni náttúrunnar* felur í sér margar af þeim þversögnum sem tengdust Ameríku í hugum Evrópubúa á 20. öld. Randver ber með sér framandi og heimsborgaralegan andblæ en Vestur-Íslendingar hafa gegnt því hlutverki í íslenskum bókmenntum að gera persónugalleríið fjölbreyttara. Í því sambandi má t.d. benda á að fyrstu íslensku einkaspæjararnir voru Vestur-Íslendingar og stíga fram á sjónarsviðið í smásögunni „Íslenzkur Sherlock Holmes" eftir Jóhann Magnús Bjarnason frá árinu 1910 og skáldsögunni *Húsinu við Norðurá* eftir Einar Skálaglamm frá árinu 1926. Eitt af persónueinkennum Randvers kemur sögumanninum framandlega fyrir sjónir, en það er svipurinn sem er „dálítið einkennilegur, það var eitthvað þar, sem altaf var að rannsaka og rannsaka" (s. 11). Randver er ekki einkaspæjari eða rannsóknarlögreglumaður en hann stendur engu að síður frammi fyrir ráðgátu sem hann þráir að leysa.

Haukur Ingvarsson.